

**Hafnafjarðarbær**

Kópavogi, 18. febrúar 2021  
2003236/510.00 BÓK

**Borgarlínan**  
**Forkynning á vinnslutillögu fyrir breytingu á**  
**Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030**

Vakin er athygli á að Kópavogur og Reykjavíkurborg hafa samþykkt að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaða nr. 123/2010.

Sveitarfélögin óska eftir ábendingum umsagnaraðila um tillögurnar fyrir 30. apríl nk. Ábendingar og athugasemdir við drögin skal senda á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is), [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) og á [samráðsgáttina](#).

Sveitarfélögin munu bjóða upp á sameiginlegan kynningarfund fyrir umsagnaraðila, sem haldinn verður í mars. Send verður tilkynning um fundartíma á alla umagnaraðila.

Drög að breytingartillögum í Kópavogi og Reykjavík fjalla um tillögu að legu Borgarlínunnar og tillögur að staðsetningu kjarnastöðva. Í drögum að skipulagsgögnum eru jafnframt kynntar hugmyndir að leiðbeinandi staðsetningum almennra stöðva, viðmiðum um hönnun göturýmis og forgang almenningssamgangna og virkra ferðamáta. Í drögum fyrir Reykjavík eru jafnframt kynnt áform um Sæbrautarstokk og Miklubrautarstokk. Umhverfisskýrsla er hluti af drögunum, sem fjallar um helstu umhverfisáhrifin m.v. fyrirliggjandi gögn.

Drög að aðalskipulagsbreytingu Kópavogsbærar verða aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbærar [www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu](http://www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu) og drög fyrir Reykjavík á heimasíðunni [www.adalskipulag.is](http://www.adalskipulag.is). Jafnframt verða ofangreind gögn aðgengileg á samráðsgáttinni, [www.island.is](http://www.island.is).

Frumdrög að Borgarlínunni eru fylgigögn með skipulagsgögnunum. Í þeim er hægt að finna ítarlegri upplýsingar m.a. um ákvörðun um Borgarlínuna, framkvæmdakostnað, hönnunarforsendur, legu, valkosti, umferðarspá og umhverfisáhrif. Frumdrögin eru aðgengileg á [www.borgarlinan.is](http://www.borgarlinan.is).

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
fh. skipulagsstjóra

*Berglind Kjartansdóttir*  
Berglind Ósk Kjartansdóttir  
Ritari skipulagsdeildar